



Reykjavík, 16. október 2025

MSS25100112

TILLAGA

Mannréttindaráð 16. október 2025: Tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um tilmæli vegna barnaafmæla:

Lagt er til að tilmæli Reykjavíkurborgar vegna barnaafmæla verða endurskoðaðar. Það er mikilvægt að öll börn upplifi sig velkomna í sínu skólasamfélagi og að enginn sé skilinn útundan. Við teljum þó að það sé ekki hlutverk Reykjavíkurborgar að setja einhliða reglur um það hverjum megi eða eigi að bjóða í barnaafmæli. Slíkar reglur ganga of langt í afskiptum af einkalífi fjölskyldna og geta skapað óþarfa togstreitu milli skóla og heimila. Þess í stað ættu leiðbeiningar borgarinnar að vera almenns eðlis og miða að því að hvetja foreldra, kennara og börn til að ræða þessi mál saman. Eðlilegt er að kennarar ræði afmælisboð við foreldra umsjónarnemenda sinna á fyrsta foreldrafundi hvers skólaárs og fari yfir mikilvægi þess að ekkert barn upplifi sig skilið útundan. Í þeim samtölum er einnig mikilvægt að ræða breytur sem geta haft áhrif, svo sem kyn, kynhneigð, fötlun, fjárhagslega stöðu foreldra og uppruna. Leggja á frekar áherslu á að foreldrar, kennarar og börn setji sér í sameiningu viðmið um barnaafmæli. Með því er stuðlað að því að barnaafmæli verði sú skemmtilega og hlýja stund sem þau eiga að vera. Lagt er til að núverandi reglur séu endurskoðaðar með það í huga.

Greinargerð:

Barnaafmæli eiga að vera gleðistund þar sem afmælisbörn fagna nýjum aldri með vinum og fjölskyldu. Við höfum öll heyrt af börnum sem ekki fá boð í afmæli og því er eðlilegt að kennarar eiga samtál við foreldra um afmælisboð og mikilvægi þess að börn upplifi ekki að þau séu skilin útundan. Í því samhengi er mikilvægt að ræða ýmsar breytur sem kunna að hafa áhrif á afmælisboð eða mætingu barna í afmæli svo sem fjárhagsstaða foreldra, fötlun, kyn, kynhneigð og uppruna. Þau tilmæli sem borgin hefur gefið út ganga heldur langt í því að takmarka hverjum er boðið í afmæli og horfa á afmælisboð einungis út frá forsendum kyns. Öllum börnum á að líða vel en við verðum að treysta kennurum, börnum og foreldrum til að ræða þetta og ákveða samkomulag innan bekkja um afmælisboð og gjafir ef það á við og vilji er til. Það samtál kennara og foreldra um afmælisboð hefur gengið vel víða í skólum borgarinnar. Vinna þarf nýjar leiðbeiningar í samstarfi við foreldra, kennara og reykjavíkurráð ungmenna.



Reykjavík